

um frv. til laga um kornrækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. vill gera allmiklar breytingar á frv., sem minni hl. getur ekki fallið á.

Frv. um kornrækt hefur nú verið flutt á þremur þingum. Á síðasta þingi var það samþykkt í Ed., en varð eigi útrætt í Nd.

Tilraunir með kornrækt hafa verið gerðar á ýmsum stöðum hér á landi um alllangt skeið. Sú reynsla, sem fengin er af kornrækt á Sámssstöðum í Fljótshlíð og víðar, sýnir ótvírætt, að flest sumur getur korn náð góðum þroska víða hér á landi og að stundum verður uppskeran af hverjum ha. engu minni en á sér stað í nágrannalöndunum.

Þessi reynsla ásamt góðum skilningi bændastéttarinnar á nauðsyn þess að efla landbúnaðinn og gera innlenda framleiðslu sem fjölbreyttasta hefur leitt til þess, að áhugi bænda á kornrækt fer vaxandi og a. m. k. í sumum héruðum er í undirbúningi að auka kornrækt að miklum mun frá því, sem verið hefur, ef það reynist kleift sökum stofnkostnaðar.

Það bætir að jafnaði hag hvers bónda að hafa framleiðslu búans svo fjölbreytta sem við verður komið á hverjum stað með hóflegum kostnaði. Og það eykur öryggi búskaparins, ef skakkaföll verða á einni búgrein, að þá séu aðrar jafnframt hafðar í taki. Kornrækt á því að geta orðið bændum, sem hana stunda, til fjárhagslegs stuðnings.

Aukin kornrækt er þó ekki fyrst og fremst hagsmunamál bandastéttarinnar, heldur hefur málið þjóðhagslegt gildi. Það er hagsmunamál allrar þjóðarinnar, að landið sé vel nytjað og að hagnýtt séu góð atvinnuskilyrði, sem fyrir hendi eru. Með vaxandi fólksfjölda þurfa að koma nýjar atvinnugreinar og aukin atvinna. Efling landbúnaðarins og aukin fjölbreytni á því sviði stuðlar að jafnvægi í byggð landsins.

Árlega eru fluttar til landsins fóðurvörur fyrir allháa fjárhæð í erlendum gjaldeyri. Enn fremur er á þessu ári varið úr ríkissjóði eigi minna en 12 millj. kr. til niðurgreiðslu á verði innfluttra fóðurvara.

Ef ræktað væri hér á landi svo mikið magn af korni til fóðurs, að fella mætti niður að mestu eða öllu leyti innflutning á fóðurvörum, yrði að því verulegur sparnaður á erlendum gjaldeyri, þar sem áburður er að miklu leyti framleiddur innanlands.

En til þess að hægt sé að leggja stund á kornrækt með góðum árangri og hagnýta uppskeruna án mikils vinnuafls, þarf allmikinn vélakost. Stofnkostnaðurinn mun því hindra, að kornrækt aukist svo sem þörf er, nema veittur verði af hálfu ríkisins fjárhagslegur stuðningur vegna vélakaupa og vinnslu lands til kornræktar.

Með frv. þessu er lagt til, að ríkisframlag til kaupa á kornyrkjuvélum skuli nema allt að 50% af kaupverði þeirra, þó ekki yfir 200 þús. kr. til hvers kornræktarfélags, enda sé akurlendi þá minnst 10 ha., svo að tryggð sé full nýting hverrar vélsamstæðu, — enn fremur, að greitt skuli svipað framlag á hvern ha. akurs og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna túnræktar.

Minni hl. nefndarinnar telur fullkomlega tímabært, að sett verði þegar á þessu þingi löggjöf um kornrækt og að með frv. þessu sé ekki of langt gengið um fjárhagslegan stuðning af hálfu ríkisins.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1961.

Páll Þorsteinsson, Daniel Ágústínusson.
frsm.